

Ársskýrsla 2013

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Árið 2013 byrjaði líkt og því lauk með önnum í almannavarnadeildinni vegna óveðurs og snjóflóðahættu með tilheyrandi ófærð, rafmagnsleysi og truflunum á fjarskiptum. Í byrjun ársins var lýst yfir óvissu- og hættustigi vegna snjóflóðahættu á Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi. Mikið álag var á viðbragðsaðilum, starfsmönnum raforkufyrirtækja og Vegagerðarinnar á fyrstu dögum ársins við að koma mikilvægum innviðum aftur í samt lag eftir verulega röskun. Þá tóku við umhleyplingar með óveðri og var lýst yfir óvissustigi á Austfjörðum vegna snjóflóðahættu í lok janúar. Miklir vatnavextir voru á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðausturlandi í lok febrúar. Þá var vonskuveður og ófærð í mars, vatnavextir og miklar leysingar voru í maí og júní og þá sérstaklega á Norðurlandi. Skriður féllu víða og ein þeirra lokaði veginum um Kaldakinn. Í lok ágúst og í september þegar bændur voru að smala, gekk mikið hvasviðri um landið norðan og vestanvert. Mikil úrkoma og snjócoma var á heiðum og fjallvegum og var sérstakur viðbúnaður til að koma í veg fyrir fjárkaða sem svipað veður orsakaði á sama tíma árið 2012. Í nóvember fékk Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið almannavarnadeildina til að samhæfa aðgerðir vegna síldarsmölunar í Kolgrafarfirði. Tilraunir til þess að koma í veg fyrir tjón á verðmætum voru gerðar með notkun hvalahljóða og hvellhetta til að fæla síld úr firðinum, en verulegt tjón varð árið 2012 þegar mikið magn af síld drapst í firðinum. Eins og fyrr segir var vonskuveður í árslok með mikilli ófærð, snjóflóðahættu á vegum og rafmagnsleysi á Norður- og Norðausturlandi og á Vestfjörðum. Óvissustigi var lýst yfir á norðanverðum Vestfjörðum og hættustigi vegna snjóflóðahættu á Ísafirði, Hnífsdal og Bolungarvík. Smáskilaboð í síma (SMS) voru send til íbúa á skilgreindum svæðum vegna hættuástands, sérstaklega þar sem hætta var á snjóflóðum á vegum eða í byggð, vegna rafmagnsskömmunar eða annarra atburða.

Viðbragðsáætlanir og æfingar

Nýjar viðbragðsáætlanir voru gefnar út á árinu vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslu og flugslysa á Húsavík, hópslysa í Húnaþingi, auk sjóslýsa vegna Herjólfis og annarra farþegaskipa. Endurnýjaðar voru viðbragðsáætlanir fyrir Hvalfjarðargöng, eldgos undir Eyjafjallajökli og eldgos undir Mýrdalsjökli. Þá voru uppfærðar flugslysaáætlanir vegna flugvallanna á Ísafirði, Akureyri, Þórshöfn, Reykjavík, Þingeyri, og Vestmannaeyjum.

Almannavarnadeildin tók þátt í mörgum æfingum á árinu með fræðslu og aðgerðum á vettvangi. Flugslysaæfingar voru haldnar á Ísafirði, Akureyri, Húsavík og Þórshöfn. Þar var líkt eftir flugslysum þar sem fjöldi slasaðist. Einnig var haldin sjóslysaæfing vegna Herjólfss og annarra farþegaskipa og á Grænlandi tók deildin þátt í Sarex-Greenland æfingu, þar var líkt eftir atburði er skemmtiferðaskip lenti í háska og þurfti aðstoð við rýmingu skipsins norðaustarlega á Grænlandshafi milli Daneborg og Meistaravíkur. Samhæfingarstöðin var virkjuð í þessum æfingum og aðstoðaði vettvang. Þá voru haldnar vettvangsæfingar vegna jarðskjálfta á Húsavík og hópslysaæfing í Borgarfirði.

Eldgosahætta og jarðskjálftar. Óvissustigi var lýst yfir 27. mars – 4. apríl vegna jarðhræringa í Heklu og í framhaldinu var varað við ferðum á fjallið. Óvissustigi var lýst yfir 2. – 23. apríl vegna jarðskjálftahrinu úti fyrir Norðurlandi. Hlaup kom í Volgu í Kverkfjöllum 15. ágúst, en hlaupavatn kom úr Gengissiginu sem er jökulstíflað lón á háhitasvæðinu. Jarðskjálftahrinur voru tíðar á Reykjanesi á árinu.

Heildarhættumat vegna eldgosa. Almannavarnadeildin tekur þátt í vinnu við heildarhættumat vegna eldgosa sem Veðurstofan leiðir. Verkinu er skipt í fjóra hluta; eldfjallauppflettirit, hættumat vegna eldgosa við þéttbýli, hættumat vegna sprengigosa og hættumat vegna flóða sem fylgja eldgosum.

FutureVolc rannsóknarverkefnið. Á árinu var gerð viðamikil skoðanakönnun þar sem ýmsir þættir vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum voru kannaðir. Leitað var til sérfræðinga, bæði hér heima og erlendis í almannavörnum og stjórnsýslu, vísindamanna, flugrekstrar og ferðaþjónustuaðila, fjölmiðlafólks og fleiri til að fá skoðanir þeirra á ýmsu er varðar upplýsingagjöf og afleiðingar eldgosanna. Skýrsla með greiningu á gögnum verður gefin út snemma árs 2014

Samhæfingarstöðin

Breytingar voru gerðar á Samhæfingarstöðinni í lok ársins og nýju skipulagi komið á stöðina. Í framhaldinu var hafist handa við að þjálfa áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar í nýju verklagi.